



# {Leikhúshönnun}

Námsáætlun, vorönn 2021

**Kennari/kennarar:**

Eva Björg Harðardóttir

**Netfang/netföng:**

evabjorg@bhs.is

**Lýsing:**

Í áfanganum verður fjallað um sjónræna umgjörð leiksýninga. Fjallað verður um þætti eins og leikmyndarhönnun, búningahönnun og tengsl við lýsingu og hljóðheim. Einnig verður fjallað um mismunandi leikhúsrými, sögu leikmyndahönnunar sem og búningasögu. Farið verður ítarlega í hönnunarferlið - frá fyrstu hugmynd að fullbúinni sýningu. M.a. verður farið yfir greiningu á handriti, módelgerð, gerð söguborða (storyboard) og hugmyndaborða (moodboard), búningateikningar, samskipti við leikstjóra og aðra listræna stjórnendur, gerð verkáætlunar o.fl. Áfanginn byggir á mikilli virkni nemenda en bæði verður unnið í einstaklingsvinnu og hópum. Áfanginn skiptist í fyrirlestra, umræður og verklegar æfingar. Farnar verða vettvangsferðir í leikhús.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Því sem fram fer á bakvið tjöldin við uppsetningu á leiksýningu.
- Hlutverkum leikmynda- og búningahönnuða og framleiðsluferli leikmyndar og búninga fyrir leiksýningar.
- sögu leikmyndarhönnunar og búningasögu.
- helstu tækjum og tólum leikhúshönnuða.

**Leikniviðmið**

Nemendur skulu hafa öðlast leikni í:

- að greina handrit út frá sjónarhorni hönnuðarins.
- módelgerð fyrir leikhús á skalanum 1:25.
- framsetningu hugmynda á hugmyndaborðum (moodboards), söguborðum (storyboards) og búningateikningum.

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: setja fram tillögðu að heildarútliti leiksýningar og nota til þess þau tæki og aðferðir sem kenndar hafa verið í áfanganum.



**Námsmat:**

Tvö hópverkefni:

Fyrirlestur um íslenskan hönnuð 10%

Hönnunarverkefni 10%

Þrjú einstaklingsverkefni:

Umfjöllun um leiksýningu 15%

Búningar og kvikmyndir 15%

Lokaverkefni og skýrsla 35%

Virkni og þátttaka 15%

**Námsgögn:**

Innlagnir kennara eru í tímum og verða birtar á námsvettvangi eftir atvikum en mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma þar sem stærstur hluti áfangans byggir á sérhæfðri og verklegri einstaklingsmiðaðri kennslu.

Nemendur þurfa að eiga skissubók. Einnig er gott að eiga blýanta, liti, föndurhníf eða lítinn dúkahníf, stálreglustiku og reglustiku með mælikvarðanum 1:25.

Nemendur þurfa að greiða 2500 krónur í efniskostnað vegna áfangans. Greitt er með millifærslu.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	Kynning á áfanganum.	
2	11.-15. jan.	<b>Heimsókn í Þjóðleikhúsið</b> , horft á rennsli á barnasýningunni Geim-mér-ei.	
3	18.-22. jan.	Fyrirlestur: Sjónræn umgjörð leiksýninga og teymið bakvið tjöldin. Unnið í hópverkefni	
4	25.-29. jan.	<b>26. jan. Skil á hópverkefni 1:</b> <b>Fyrirlestur um íslenskan hönnuð 10%</b> Fyrirlestur: Mismunandi gerðir leikrýma Tímaverkefni um leikrými	
5	1.-5. feb.	Krimmi e. Green samlestur Fyrirlestur: Hönnunarferlið I Hönnunarverkefni – unnið í tíma	
6	8.-12. feb.	Hönnunarverkefni – unnið í tíma <i>Skóhlífadagar fim.</i>	Skóhlífadagar
7	15.-19. feb.	<i>Varða þri.</i> <b>18. feb. Skil á hópverkefni 2:</b> <b>Hönnunarverkefni 10%</b> Fyrirlestur: Búningasaga	Varða I
8	22.-26. feb.	Vinna í einstaklingsverkefni (Búningar og kvikmyndir) Samlestur á leikverki fyrir lokaverkefni	Vorhlé
9	1.-5. mars	<b>2. mars. Skil á einstaklingsverkefni:</b> <b>Búningar og kvikmyndir 15%</b> Fyrirlestur: Hönnunarferlið II <b>Heimsókn í Tjarnarbíó fim. 4. mars kl. 11:10</b>	
10	8.-12. mars	Vinna í einstaklingsverkefni (Umfjöllun um leiksýningu). Vinna við lokaverkefni. Senugreining á handriti.	
11	15.-19. mars	<b>16. mars. Skil á einstaklingsverkefni:</b> <b>Umfjöllun um leiksýningu 15%</b> Vinna við lokaverkefni. Rannsóknarvinna. Vinna við hugmyndaborð (moodboard). Líkan sett saman.	
12	22.-26. mars	Vinna við lokaverkefni. Unnið að líkani.	Varða II
13	29.mars- 5. apríl	<i>Páskaleyfi</i>	Páskaleyfi
14	6.-9. apríl	Vinna við lokaverkefni. Söguborð (storyboard). Unnið að líkani.	
15	12.-16. apríl	Vinna við lokaverkefni. Búningateikningar.	



16	19.-23. apríl	Vinna við lokaverkefni. <i>Sumardagurinn fyrsti fim.</i>	
17	26.-30. apríl	Vinna við lokaverkefni. Allt klárað.	
18	3.-7. maí	Vinna og kynningar á lokaverkefni. <b>4. maí. Skil á einstaklingsverkefni: Lokaverkefni og skýrsla 35%</b>	
19	10.-14. maí	<i>Uppstigningardagur fim.</i>	Kennslu lýkur

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*